



Fimleikaping 2016

Þing Fimleikasambands Íslands

Haldið í Laugardalshöll, Engjavegi, Reykjavík

13. maí 2016

1 Þingsetning og staðfesting lögmætis þingsins.

1.1 Þingsetning

Formaður Fimleikasambands Íslands, Arnar Ólafsson, bauð alla fundarmenn velkomna til fimleikaping 2015.

2 Kjör þingforseta, þingritara og þriggja manna kjörbréfanefndar.

2.1 Kjör fundarstjóra og fundarritara

Formaður FSÍ lagði fram tillögu um Þóri Haraldsson sem þingforseta og Sæunni Viggósdóttur sem þingritara. Þórir er seinn fyrir og Arnar óskaði eftir því að Sólveig Jónsdóttir tæki að sér fundarstjórn þar til Þórir kæmi í hús.

2.2 Staðfest lögmæti fundarins

Þingforseti þakkar traustið fyrir sína hönd og fundarritara og býður fundarmenn velkomna. Staðfestir að þingið sé lögmætt og boðað hafi verið til þess með löglegum hætti með tveimur fundarboðum og á réttum tíma. Engar athugasemdir gerðar varðandi fundarboðið og þingið því lýst lögmætt. Forseti vonar að þingið verði starfsamt og biður fundarmenn að gera þingforseta viðvart ef einhver ætlar að boða sig fram til stjórnar FSÍ, þó eigi síðar en við upphaf nefndarstarfa.

2.3 Kosning kjörbréfanefndar - athugað kjörgengi fundarmanna

Í kjörbréfanefnd eru kjörnir: Þór Ólafsson, Auður Inga Þorsteinsdóttir og Þóra Þórarinsdóttir. Þau fara afsíðis í stutta stund og meta kjörbréf þeirra sem mættir eru á þingið.

Breyting hefur verið gerð á dagskrá, Ávörp gesta koma aftur fyrir skýrslu stjórnar og fastanefnda.



Fimleikaping 2016

3 Formaður leggur fram skýrslu stjórnar og fastanefnda.

3.1 Skýrsla stjórnar

Arnar Ólafsson, formaður, fór yfir skýrslu stjórnar og gerði þannig grein fyrir störfum Fimleikasambandsins síðastliðið ár. Sjá framlagða ársskýrslu FSÍ.

Fer með ávarp formanns – kynnir stjórnina og þakkar þeim fyrir farsælt samstarf á starfsárinu

Sunna kynnir reikninga sambandsins.

Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga sambandsins.

Kristín Hálfánardóttir spyr út í aðra styrki frá ÍSÍ, lækkun frá 2014. Sunna svarar því til að það sé vegna styrks sem ÍSÍ veitti sambandinu vegna þátttöku á Evrópumótinu í hópfimleikum 2014.

3.2 Fræðslunefnd

Hlín Bjarnadóttir formaður fræðslunefndar flutti skýrslu fræðslunefndar. Aðrir nefndarmenn: Andrea Dan Árnadóttir, Auður Ólafsdóttir, Auður Vala Gunnarsdóttir og Guðmundur Þór Brynjólfsson.

Hlín fór yfir það helsta í starfi fræðslunefndar, en skýrsla hennar er í skýrslu stjórnar. Hún þakkar samstarfsfólki sínu í nefndinni, stjórn Fimleikasambandsins og starfsfólki ásamt félögunum sem veita nefndinni stuðning á svo mörgum sviðum.

3.3 Nefnd um fimleika fyrir alla

Hlíf Þorgeirsdóttir formaður gerði grein fyrir störfum nefndar um fimleika fyrir alla. Aðrir nefndarmenn: Guðrún Tryggvadóttir, Sæunn Viggósdóttir, Óli Geir Jóhannesson, Stefanía Eyþórsdóttir.

Hlíf fór yfir það helsta í starfi nefndarinnar, en skýrsla hennar er í skýrslu stjórnar. Hlíf fagnar því að stjórn sambandsins er farið að leggja mikla áherslu á Fimleika fyrir alla. Hún þakkar stjórn, starfsfólki og nefndarfólki fyrir samstarfið.

Þakkar samstarfsfólki sínu í nefndinni fyrir störfin

3.4 Tækninefnd í hópfimleikum

Bergþóra Kristín Ingvarsdóttir, formaður tækninefndar í hópfimleikum vísar í skýrslu stjórnar um störf nefndarinnar. Aðrir nefndarmenn: Henrik Pilgaard, Lóa Guðrún Gísladóttir, Kristinn Guðlaugsson og Karen Jóhannsdóttir. Í undirnefnd störfuðu Erla Ormarsdóttir og Ragnar Magnús Þorsteinsson.



Fimleikaping 2016

Bergþóra Kristín samstarfsfólki sínu í nefndinni fyrir störf

3.5 Tækninefnd kvenna

Berglind Pétursdóttir formaður tækninefndar kvenna vísar í skýrslu stjórnar um störf nefndarinnar. Aðrir nefndarmenn: Hlín Bjarnadóttir, Hildur Ketilsdóttir, Sif Pálsdóttir og Ragna Þyrí Ragnarsdóttir.

Þakkar samstarfsfólki sínu í nefndinni fyrir störf.

3.6 Tækninefnd karla

Formaður tækninefndar karla er Sigurður Hrafn Pétursson og vísar hann í skýrslu stjórnar um störf nefndarinnar. Aðrir nefndarmenn: Anton Heiðar Þórólfsson, Axel Ólafur Þórhannesson, Björn Magnús Tómasson og Daði Snær Pálsson.

Þakkar samstarfsfólki sínu í nefndinni fyrir störf.

4 Áritaðir reikningar sambandsins lagðir fram og skýrðir.

4.1 Reikningar sambandsins lagðir fram (með álitum skoðunarmanna)

Sunna Sigurðardóttir, gjaldkeri FSÍ, lagði fram reikninga sambandsins fyrir árið 2015 sem sjá má í ársskýrslunni.

5 Skýrsla stjórnar og reikningar bornir undir atkvæði.

5.1 Reikningar bornir undir atkvæði

Reikningar bornir undir atkvæði, reikningarnir samþykkir samhljóða.

Fundargerð fyrra árs skoðast samþykkt.

6 Stjórn leggur fram tillögu að starfsáætlun næsta starfsárs og vísar til fjárhagsnefndar.

Þingforseti leggur fram ónúmerað skjal sem liggur frammi með þingskjölum og var sent út á alla þingfulltrúa tveimur vikum fyrir þing. Tillögunni er vísað til fjárhagsnefndar.



7 Stjórn leggur fram tillögu að fjárhagsáætlun næsta starfsárs og skal henni vísað til fjárhagsnefndar.

Þingforseti leggur fram ónúmerað skjal sem liggur frammi með þingskjölum og var sent út á alla þingfulltrúa tveimur vikum fyrir þing. Tillögunni er vísað til fjárhagsnefndar.

8 Ávörp gesta

8.1 Ávörp gesta

Ingi Þór Ágústsson stjórnarmaður í framkvæmdarstjórn ÍSÍ ávarpar þingið. Hann færir kveðjur forseta ÍSÍ og framkvæmdarstjórn ÍSÍ sem og starfsfólki sambandsins.

Hann óskar fimleikafólki til hamingju með frábæran árangur í keppni. FSÍ hafur náð gífurlegum árangri í fræðslumálum þar sem önnur sambönd horfi til okkar með aðdáun. Þessu ber að hlúa að og mælir með að við kynnum þetta meira.

Ingi Þór þakkar fyrir aðkomu FSÍ að Smáþjóðaleikunum.

Hann fjallar um mikla fjölgun á iðkendum í fimleikum og að greinin sé orðin þriðja stærsta íþróttagrein landsins. Fimleikahús rýsa hreinlega upp út um allt.

Ingi Þór fagnar áherslu á Fimleikum fyrir alla.

Hann fjallar um að afrekssjóður ÍSÍ sé einungis með 140 milljónir til úthlutunar og að umsóknir hafi borist fyrir milljarði. ÍSÍ þyrfti u.þ.b 700 milljónir ef vel ætti að vera. Starf afrekssjóðs er því vandi að höndum að úthluta svo takmörkuðu fjármagni.

9 Afhending kjörbréfa. Kjörbréfanefnd hefur störf.

Þingforseti afhendir kjörbréfanefnd kjörbréf frá 14 fimleikadeilum/félögum. En samkvæmt lögum FSÍ eiga 30 fimleikadeildir/félög rétt til að senda inn kjörbréf.

Þór Ólafsson tók til máls og tjáði Fimleikafélagi að það bárust kjörbréf frá 14 fimleikadeildum/félögum, 16 félög hafa ekki sent inn kjörbréf. Samtals 86 af 196 fulltrúum.

- 17 fulltrúar frá Ármanni af 19.
- 3 fulltrúar frá Gróttu af 9.
- 6 fulltrúar frá Akureyri af 15.
- 11 fulltrúar frá Gerplu af 20.
- 1 fulltrúi frá Hetti af 5.



Fimleikafélagið 2016

- 7 frá Fjölni af 10.
- 8 frá Selfossi af 10.
- 4 frá Keflavík af 10.
- 5 frá Fylki af 13.
- 3 frá Akranesi af 6.
- 8 frá Björk af 14.
- 9 frá Stjörnunni af 13.
- 2 frá Rán af 4.
- 2 frá Aftureldingu af 6.

Samþykkt að þeir sem eru á staðnum viti hverjir eru með atkvæðisrétt og treysti hvorum öðrum.

Kjörbréf afgreidd. Þingfulltrúar verða að vera á staðnum til að geta greitt atkvæði.
Kjörbréf samþykkt samhljóða.

10 Teknar fyrir tillögur sem lagðar hafa verið fyrir þingið ásamt almennum umræðum um þær.

Tillögur um að hvernig þingskjölum verður vísað verði inn í nefndir:

Þingskj	1	Áskorun frá Fimleikadeild UMFS um dómargreiðslur	Fjárhagsnefnd / Mótanefnd
Þingskj	2	Áskorun frá Íþróttafélaginu Gerplu um dómargreiðslur	Fjárhagsnefnd / Mótanefnd
Þingskj	3	Tillöga frá Fimleikadeild UMFS - aðgangseyrir á mótum á vegum FSÍ	Allsherjarnefnd
Þingskj	4	Tillöga frá Íþróttafélaginu Gerplu – 24. gr. laga	Laganefnd
Þingskj	5	Tillöga frá Íþróttafélaginu Gerplu – aðgangseyrir á mótum á vegum FSÍ	Allsherjarnefnd
Þingskj	6	Tillögu frá stjórn FSÍ um breytingu á 6. gr. laga FSÍ	Laganefnd / Allsherjarnefnd
Þingskj	7	Tillögu frá stjórn FSÍ um breytingu á 11. gr. laga FSÍ	Laganefnd
Þingskj	8	Tillögu frá stjórn FSÍ um breytingu á 12. gr. laga FSÍ	Laganefnd



Fimleikaþing 2016

Þingskj	9	Tillögu frá stjórn FSÍ um breytingu á 17. gr. laga FSÍ	Laganefnd / Fjárhagsnefnd
Þingskj	10	Tillögu frá stjórn FSÍ um breytingu á 24. gr. laga FSÍ	Fjárhagsnefnd / Laganefnd
Þingskj	11	Tillögu frá stjórn FSÍ um breytingu á 25. gr. laga FSÍ	Laganefnd

11 Starfsnefndir þingsins taka til starfa.

15.1 tillögur um staðsetningu starfsnefnda

Fjárhagsnefnd	Salur A
Allsherjarnefnd	Salur C
Mótanefnd	Salur D
FFA	Salur E
Fræðslunefnd	Salur E

12 Kosning formanna starfsnefnda þingsins.

12.1 Þingforseti lagði fram tillögu um formenn starfsnefnda þingsins.

Kosning formanna starfsnefnda þingsins:

Fyrri hluti

- a) Fjárhagsnefnd Arnar Ólafsson
- b) Mótanefnd Íris Svavarsdóttir

Seinni hluti

- c) Allsherjarnefnd Auður Inga Þorsteinsdóttir
- d) Nefnd um FFA og Fræðslunefnd Hlín Bjarnadóttir
- e) Laga og reglugerðanefnd Ragnheiður Margrét Ólafsdóttir

Tillaga um formenn starfsnefnda þingsins samþykkt samhljóða.



Fimleikaping 2016

Starfsnefndir þingsins hefja störf

13 Formenn starfsnefnda gera grein fyrir störfum nefnda.

13.1 Formenn þingnefnda gera grein fyrir störfum nefnda og atkvæði greidd um niðurstöður þeirra

14 Atkvæðagreiðsla um tillögur úr nefndum:

Allsherjarnefnd

Auður Inga Þorsteinsdóttir formaður nefndarinnar stígur í pontu.

Þingskjöl 3 og 5 voru sameinuð, fjalla bæði um aðgangseyri á fimleikamótum.

Nefndin leggur fram breytingatillögu:

Allsherjarnefnd beinir því til stjórnar að setja eftirfarandi inn í reglugerð um mótahald

- Áhorfendur greiða einungis einu sinni aðgangseyri á hverjum mótsstað á hverju móti.
- Á innlendum stórmótum (A mót að undanskyldu Bikarmóti í áhaldafimleikum) verða tveir gjaldflokkar;
 - o Fullorðnir 18 ára og eldri - lágmark 1500 kr.
 - o Unglingar 13-17 ára - 50% af fullorðinsgjaldi.
 - o Börn 12 ára og yngri – frítt.
- Á öðrum innlendum mótum er einn gjaldflokkur;
 - o Fullorðnir 18 ára og eldri – greiða aðgangseyri.
 - o Börn og unglíngar 17 ára og yngri - frítt.
- Við erlent mótahald er ákvörðun aðgangseyris samkomulag á milli FSÍ og mótshaldara

Samþykkt samhljóða

Mótanefnd

Íris Svavarsdóttir formaður mótanefndar stígur í pontu. Engin mál voru lögð fyrir nefndina til afgreiðslu og því engar tillögur kynntar þingheimi.



Fimleikaping 2016

Nefnd um Fimleika fyrir alla og Fræðslunefnd

Hlín Bjarnadóttir formaður mótanefndar stígur í pontu. Engin mál voru lögð fyrir nefndina til afgreiðslu og því engar tillögur kynntar þingheimi.

Laganefnd

Ragnheiður Margrét Ólafsdóttir formaður laganefndar stígur í pontu.

Þingskjal nr. 4 var lagt fyrir nefndina

Tillaga frá Gerplu, lítillega breytt.

Samþykkt samhljóða

Þingskjal nr. 6 var lagt fyrir nefndina

Breytingartillaga á 6. gr laga

Breyting var gerð á tillögunni, sem fjallaði um að halda skyldi þing fyrir lok júní ár hvert.

Samþykkt samhljóða

Þingskjal nr. 7

Breytingartillaga á 11. gr laga

Breyting var gerð á tillögunni, kosning á sex stjórnarmönnum í stað fjögurra.

Valgeir steig í pontu og benti á að fimm manna stjórn auk fjögurra varamanna væri hentugra en sjö manna stjórn með tveimur varamönnum

Þóra Margrét bendir á að lagþarfa þarf 14. gr til samræmis við 11. gr.

Tillaga samþykkt, eitt atkvæði á móti

Þingskjal nr. 8

Breytingartillaga á 12. gr laga

Tillagan lögð fyrir þingheim óbreytt úr nefnd.

Samþykkt samhljóða

Þingskjal nr. 9

Viðbót við 17. gr. laga.



Fimleikaping 2016

Rætt með þingskjali 4 og felldu með því tillögu á þingskjali 9.

Tillagan felld í nefnd.

Tillagann kemur ekki til afgreiðslu.

Þingskjal nr. 10

Ný grein í lög FSÍ lögð fram, 24. gr.

Tillagan lögð fyrir þingheim óbreytt úr nefnd.

Samþykkt samhljóða

Þingskjal nr. 11

Breytingartillaga á 25. gr laga

Tillagan lögð fyrir þingheim óbreytt úr nefnd.

Samþykkt samhljóða

Fjárhagsnefnd

Arnar Ólafsson formaður fjárhagsnefndar stígur í pontu.

Nefndin fjallaði um þingskjöl 1 og 2 saman og verða því lögð fram saman

Þingskjölin fjalla bæði um dómaragreiðslur og eru kynnt breytt úr nefndinni.

Ný tillaga:

Þing FSÍ haldið í Reykjavík 13. maí 2016 vísar áskorun um launagreiðslur til dómara til stjórnar til frekari úrvinnslu og að tillaga að taxta vegna dómara launa verði kynnt á næsta formannafundi haustið 2016.

Að FSÍ hafi umsjón með og samræmi greiðslur til dómara.

Samþykkt með einu mótatkvæði

Starfsáætlun

Endurskoðuð úr nefndinni lögð fyrir þingið

Samþykkt samhljóða

Fjárhagsáætlun

Lögð fram fyrir þingið óbreytt með viðbótum



Fimleikaping 2016

Jarþrúður Hanna kemur í pontu og óskar eftir útlistun á hvað er á bak við leyfisgjaldið.

Arnar Ólafsson svarar því með nákvæmri sundurliðun á hverju leyfi fyrir sig hvern það tekur og yfir og hvað það kostar:

Kopar (8 ára og yngri, keppa ekki) 2.400 kr.

Brons (9 ára og eldri, keppa ekki) 3.400 kr.

Silfur (5.-2. þrep og 5.-2. flokkur) 4.400 kr.

Gull (1. þrep og frjálsar æfingar, 1. flokkur og meistaraflokkur) 4.900 kr.

Samþykkt með 3 mótatkvæðum

15 Kosningar.

Kosið skyldi til stjórnar og allra fastanefnda.

15.1 Kosning stjórnar – frambjóðendur kynna sig

Eitt framboð barst til formanns FSÍ, sitjandi formaður Arnar Ólafsson er sá eini sem gefur kost á sér og er því sjálfkjörinn.

Fimm framboð bárust til stjórnar og þar sem aðeins fjórir sitja í stjórn þarf að ganga til kosninga.

Framboðin eru: Hrefna Hlín Sveinbjörnsdóttir, Jarðþrúður Hanna Jóhannsdóttir, Kristinn Arason, Kristín Ívarsdóttir og Sunna Sigurðardóttir.

Kjörseðlar hafa verið útbúnir. Kjörbréfanefnd tekur við kosningu og dreifir afkvæðaseðlum til þingfulltrúa.

Frambjóðendur kynna sig

Hrefna Hlín Sveinbjörnsdóttir

Hefur setið í stjórn í eitt ár, hefur notað árið til að kynna sér málefni fimleikanna. Hún brennur mest fyrir að Fimleikar eru fyrir alla og hún vill fylgja því vel eftir.

Jarþrúður Hanna Jóhannsdóttir

Formaður hjá Fjölni síðastliðin 7 ár, í stjórn í 8 ár. Fannst tími til að taka næsta skref og fara til FSÍ. Hún er mjög fylgjandi því að stjórn vinni eftir tillögum þings og að þing sé æðsta vald sambandsins.



Fimleikafélagið 2016

Kristinn Arason

Það sem hann leggur áherslu á að við þurfum að reka okkur réttu megin við núllið. Hann vill standa fyrir það, hefur komið nálægt mótamálum.

Kristín Ívarsdóttir

Búin að vera í stjórn í 2 ár, hennar aðaláhugamál eru drengja og karlafimleikar, hún vill nýta betur tækifærin þar.

Sunna Sigurðardóttir

Hefur setið sem gjaldkeri síðustu 2 ár, margt búið að gera gott á þeim árum. Henni langar að halda áfram í stjórninni og biður um stuðning til þess.

Gengið er til kosninga, kjörbréfanefnd safnar saman atkvæðaseðlum.

Lesin upp kjörbréf og þingfulltrúar gera grein fyrir sér með handauppréttingu.

Kjörbréfanefnd tekur til starfa og útdeilir kjörbréfum.

Kjörseðlar hafa verið útbúnir. Kjörbréfanefnd tekur við og dreifir afkvæðaseðlum til þingfulltrúa.

Lesin upp kjörbréf og þingfulltrúar gera grein fyrir sér með handauppréttingu.

- Selfoss 10 kjörbréf af 10
- Stjarnan 13 kjörbréf af 13
- Rán 2 kjörbréf af 4
- Gerpla 11 fulltrúar af 20
- Gróttá 2 fulltrúar af 3
- Keflavík 4 fulltrúar af 10
- FimAk 6 fulltrúar af 15
- Höttur 1 fulltrúi af 5
- ÍA 3 fulltrúar af 6
- Afturelding 2 fulltrúar af 6
- Fylkir 6 fulltrúar af 13
- Ármann 17 fulltrúar af 19
- Fjölnir 7 fulltrúar af 10
- Björk 14 fulltrúar af 14

Gengið er til kosninga:

- Hrefna Hlín Sveinbjörnsdóttir 54 atkvæði



Fimleikaping 2016

- Jarþrúður Hanna Jóhannsdóttir 88 atkvæði
- Kristinn Arason 92 atkvæði
- Kristín Ívarsdóttir 59 atkvæði
- Sunna Sigurðardóttir 91 atkvæði

Réttkjörnir eru því:

- Jarþrúður Hanna Jóhannsdóttir
- Kristinn Arason
- Kristín Ívarsdóttir
- Sunna Sigurðardóttir

Eftirfarandi aðilar buðu sig fram í varastjórn:

- Hrefna Hlín Sveinbjörnsdóttir
- Axel Ólafur Þórhannesson
- Guðrún Tryggvadóttir
- Guðrún Ósk Jakobsdóttir
- Þór Ólafsson

Aftur eru lesin upp kjörbréf og þingfulltrúar gera grein fyrir sér með handauppréttingu.

- Selfoss 10 kjörbréf af 10
- Stjarnan 13 kjörbréf af 13
- Rán 0 kjörbréf af 4
- Gerpla 11 kjörbréf af 20
- Gróttta 2 kjörbréf af 9
- Keflavík 4 kjörbréf af 10
- FimAk 6 kjörbréf af 15
- Höttur 1 kjörbréf af 5
- ÍA 3 kjörbréf af 6
- Afturelding 2 kjörbréf af 6
- Fylkir 6 kjörbréf af 13
- Ármann 11 kjörbréf af 19
- Fjölnir 7 kjörbréf af 10
- Björk 13 kjörbréf af 14

Gengið er til kosninga:

- Axel Ólafur Þórhannesson 79 atkvæði
- Hrefna Hlín Sveinbjörnsdóttir 57 atkvæði



Fimleikaping 2016

- Guðrún Tryggvadóttir 65 atkvæði
- Guðrún Ósk Jakobsdóttir 35 atkvæði
- Þór Ólafsson 58 atkvæði

Réttkjörnir eru því:

- Axel Ólafur Þórhannesson
- Hrefna Hlín Sveinbjörnsdóttir
- Guðrún Tryggvadóttir
- Þór Ólafsson

15.2 Aðrar kosningar.

a) Formaður tækninefndar karla

Eitt framboð barst til formanns tækninefndar karla, Sigurður Hrafn Pétursson, og er hann því réttkjörinn. Klappað fyrir formanni tækninefndar karla.

b) Formaður tækninefndar kvenna

Eitt framboð barst til formanns tækninefndar kvenna, Berglind Pétursdóttir, og er hún því réttkjörin. Klappað fyrir formanni tækninefndar kvenna

c) Formaður Tækninefndar í hópfimleikum

Eitt framboð barst til formanns tækninefndar í hópfimleikum, Bergþóra Kristín Ingvarsdóttir, og er hún því réttkjörin. Klappað fyrir formanni tækninefndar í hópfimleikum

d) Skoðunarmenn reikninga

Tveir gáfu kost á sér sem skoðunar menn reikninga, þeir Hafsteinn Pálsson og Jochum Ulriksson. Eru þeir því réttkjörnir. Klappað var fyrir skoðunar mönnum reikninga.

e) kosning þriggja fulltrúa og þriggja til vara í kjörnefnd.

Tillaga um að vísa kosningu fulltrúa í kjörnefnd til stjórnar. Samþykkt einróma.

f) kosning þriggja fulltrúa og þriggja til vara í laga- og reglunefnd til eins árs.

Ekki þarf að kjósa þar sem að kostið var í fyrra til tveggja ára

g) Kosning formanns fræðslunefndar.



Fimleikaping 2016

Eitt framboð barst til formanns fræðslunefndar, Hlín Bjarnadóttir, og er hún því réttkjörin. Klappað er fyrir formanni fræðslunefndar

h) Kosning formanns nefndar um fimleika fyrir alla

Eitt framboð barst í formann nefndar um fimleika fyrir alla, Hlíf Þorgeirsdóttir, er hún því réttkjörin. Klappað fyrir formanni nefndar um fimleika fyrir alla.

i) Val fulltrúa á Íþróttaping

Lögð fram tillaga um að vísa skipun fulltrúa á íþróttaping til stjórnar. Samþykkt einróma.

16 Önnur mál.

16.1 Önnur mál

Þingforseti tekur til máls, orðið aftur laust.

Hermann frá FimAk – spyr um stöðu á mótanefndum.

Arnar svarar, móta- og keppnisreglur ákvarða hvernig fyrirkomulagið á keppni verður.

Í öðru lagi, á næsta þingi verður fjölgun í stjórn, hann spyr um ferða- og uppihaldskostnað fyrir landsbyggðarfólk

Arnar svarar, sett hefur verið regla um að hver nefnd getur fengið 2 flug á ÍSÍ fargjaldi til fundarstarfa. Stjórnin þarf að skoða framhaldið fyrir landsbyggðina þar sem alls ekki er ætlunin að útiloka þau frá stjórnarsetu.

Hlín Árnadóttir – byrjaði að þjálfa fimleika 1970, aðbúnaðurinn var sá að það var ein dýna og jafnvægislá. Nú 2016 erum við að senda stúlku á Ólympíuleika, hún vill óska Íslandi til hamingju.

Valgeir Jónasson – kvartar yfir því að málum er vísað til stjórnar, vill láta þingið taka ákvarðanir.

Halla Kari – þakkar starfsmönnum skrifstofu fyrir veturinn.

Sólveig – þakkar Ármanni fyrir frábæra samvinnu á Norðurlandamóti um liðna helgi og tækninefndunum fyrir gott samstarf.

Arnar kemur upp í pontu og segir frá því að þjónustugátt FSÍ er í smíðum og verður tekin til notkunar í haust. Einnig vildi hann koma því áleiðis að stjórn hefur lagt aukið fjármagn í fræðslukerfi sambandsins.



Fimleikafing 2016

Berglind Pétursdóttir kom með ábendingu um að virkja varamenn í stjórn FSÍ. Hún þakkar Hlín Árnadóttur fyrir sitt framlag til íslenskra fimleika.

Sólveig svarar því til að undanfarið ár hafa varamenn verið boðaðir á alla fundi stjórnar.

Þingforseti þakkar fyrir sig og gefur Arnari orðið til að slíta þinginu.

17 Ávarp formanns.

Formaður þakkar þingfulltrúum fyrir starfsamt þing. Framundan eru spennandi tímar með fjölda verkefna sem hreyfingin þarf að vinna saman. Hann lítur björtum augum á framtíðina.

18 Þingslit

Þingi slitið kl. 22:15